

# Togaraútgerð á Íslandi

## 1900 - 1918

Danskir, íslenskir og enskir fjármálamenn reyndu fyrir sér í togaraútgerð á Íslandi kringum aldamótin 1900. Allar tilraunirnar mistókust, en mikilvæg reynsla skapaðist. Það var loks með útgerð togarans Coot frá Hafnarfirði 1905-1908, sem ábatasöm togaraútgerð sannaði sig á Íslandi. Íslensk togaraútgerð tók stökk á næstu árum. Á þeim tíma voru gerðir út fimm togarar frá Vestfjörðum, þar á meðal Eggert Ólafsson frá Patreksfirði 1911-1913 og Jarlinn frá Ísafirði 1913-1916.

Iðnbylting Íslendinga varð með útgerð togara og vélbáta. Togaraútgerð var fjárfrek og flest togarafélög voru hlutafélög, oft í eigu fyrrum skútumanna og skipstjóra. Arðurinn af togveiðum var margfaldur á við fyrri útgerðarhætti. Togararnir voru að veiðum allt árið. Á haustin veiddu þeir botnfisk, sem var ísaður til sölu í erlendum höfnum, á veturna var veitt í salt til fullvinnslu í landi og á sumrin stunduðu þeir síldveiðar.

Erfiðleikar við útvegum aðfanga og kaþátahernaður Þjóðverja varð til þess að helmingur togaraflotans, 10 skip, voru seld úr landi árið 1917, en eftir stríðið 1914-1918 voru keyptir nýir og stærri togarar.

